

Fundur 16.10.2023 Kona frá Gasa, Adat.

Góða kvöldið, komið þið sælir.

*Góða kvöldið, velkominn.*

Skil ég ekki afhverju ég var dregin upp á þessa hæð og hefði ég talað við andanna og þakka ég þó fyrir að vera komin á rýmri stað og er hér miklu rýmra heldur en var, en veit ég að maður minn er ekki ánægður og veit ekki því Allah setur okkur á þennan stað að berjast fyrir hann áfram og krýp ég daglega og þakka honum fyrir gjafir hans og að hafa leyft okkur að lifa áfram og koma fram í hans ríki.

En veit ég ekki hvers vegna við þurfum enn að berjast við óvinina og hér eru sex af mínum börnum fram komin og þakka ég innilega fyrir endurfundina og eru þau sem aldur hafa strax byrjuð að undirbúa gagn árásir og það er undarlegt sólarljósið á þessum stað, þar sem birtan er ætíð svipuð og finnst mér það mjög undarlegt.

Er þó stundum hægt að fá betri mat en við áttum að venjast og koma veiðimenn með hann til okkar, en að öðru leiti ekki öll skilyrði nógu góð.

Hér er miklu rýmra, eru óvinirnir talsvert fjær og þurfum við ekki að leita í neinum rústum eftir málmi eða öðru að selja og maður minn sem vann sem sjómaður og hermaður og höfum annað og meira að borða hér og allt saman mjög undarlegt, en gleðst ég og þakka fyrir Allah.

Ég lifði margsinnis af skotárásir og átti mörg börn eftir að ég særðist fyrir nokkuð mörgum árum, en erfitt var mér að þola.

Undarlegt að koma hér fram og hér eru margir hópar sem hjálpa okkur og komu með vota klúta og færðu okkur og færðu okkur í skjól og hjúkruðu á meðan við náðum heilsu og var ég lengi að átta mig á kringum stæðum að ég væri komin yfir dauðans djúp.

Dó ég í, Palestínsk kona frá Gasa svæðinu, Adat er nafn mitt.

*Vertu velkomin. Ert þú nýflutt yfir?*

Já,

Þau segja að við séum að tala við andana hér á kletti og er það gamall trúarstallur þess fólks sem var á undan okkur.

Er ég að tala við andana?

*Nei, nei, við erum engnir andar, við erum íbúar jarðarinnar, eins og þú varst, við búum á Íslandi.*

Ég kannast ekki við það.

*Það er lengst í norðri.*

Já.

*Við erum úr holdi og blóði sko.*

Nei við erum úr holdi og blóði, þið eruð andar.

*Nei nei.*

Allir sem ég tala við segja að við séum að tala við andana hér.

*Það er ekki rétt.*

Það er klettur hér og sérstök athöfn.

*Já, já.*

Ég má ekki láta rugla mig í ríminu, verið þið sælir.

*Vertu blessuð og þakka þér fyrir komuna.*